



Minnisblað

Móttakandi: Stjórn Sambands Íslenskra
sveitarfélaga

Dags.: 23. október 2017

Sendandi: Anna G. Björnsdóttir og Guðrún
Dögg Guðmundsdóttir

Málsnr.: 1601081SA

Málalykill: 13.24

Efni: Haustþing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins 18.–20. október 2017

Íslensku sendinefndina skipuðu að þessu sinni Halldór Halldórsson, formaður, Gunnar Axel Axelsson og Sigurður Björn Blöndal í forföllum Gunnhildar Ingvarsdóttur.

Undirbúningsfundur Norðurlanda og Eystrasaltsríkja



Halldór Halldórsson flytur opunarávarp á undirbúningsfundinum

Það er hefð fyrir fundi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja daginn fyrir opnun þingsins. Sveitarfélagasambönd ríkjanna skiptast á um að bjóða til þessara funda í samvinnu við fastanefndir ríkjanna eftir atvikum. Sendinefndum allra ríkjanna á þinginu er boðið til fundarins, ásamt sendiherrum og öðrum fulltrúum fastanefnda ríkjanna í Strasbourg. Eftir að

sveitarstjórnarþingið fór að tilnefna ungmennarfulltrúa til setu á þinginu hefur þeim einnig verið boðið. Í ár var röðin komin að Íslandi að bjóða til þessa fundar og sáu starfsmenn sambandsins um skipulagningu og framkvæmd hans. Rúmlega 70 manntóku þátt í fundinum og tókst hann með ágætum. Halldór Halldórsson stýrði fundinum þar sem Kristján Andri Stefánsson sendiherra sagði frá helstu málum á döfinni og áskorunum sem Evrópuráðið stendur frammi fyrir. Arnold Skibsted sendiherra Dana sagði frá áherslum komandi formennsku Dana í Evrópuráðins og Gunn Marit Helgesen forseti svæðadeildar þingins og Anders Knape forseti sveitarstjórnardeildar sögðu frá helstu málum á dagskrá. Loks kynnti fulltrúi Evrópusamtaka svæða starfsemi samtakanna. Að loknum umræðum og erindum var boðið upp á léttar veitingar.

Dreifstýring til að tryggja farsæla aðlögun innflytjenda



Gudrun Mosler-Törnström, forseti þingsins flytur opunarávarp

Yfirskrift Sveitarstjórnarþingsins að þessu sinni var dreifstýring til að tryggja farsæla aðlögun innflytjenda. Í tengslum við þessa yfirskrift sögðu þau María frá Síralandi, Mustafe frá Sómalíu og Abdulmalik frá Afganistan þingfulltrúum sögu sína sem fylgdarlaus börn á flóttu. Var einkar áhugavert að hlusta á reynslusögur þeirra og ábendingar en þau eru ein af þeim heppnu sem hafa náð að fóta sig í nýjum heimalöndum.

Á þinginu voru afgreiddar eftirlitsskýrslur um sveitarstjórnarstigið á Ítalíu, í Serbíu og Sviss. Einnig skýrslur um kosningaeftilit í Finnlandi og Armeníu

og upplýsingaferð til Belgíu sem varðaði samskipti flæmsku- og frönskumælandi sveitarstjórnarmanna. Heitar umræður voru um Katalóníumálið og skiptar skoðanir um það. Fjallað var stöðu borgarinnar Mostar í Bosníu og Hersegóvínu þar sem sveitarstjórnarkosningar hafa ekki verið haldnar í níu ár og stöðu Dorin Chirtoaca, varaformanns þingsins og bæjarstjóra Chisninau í Moldóvu, sem hefur verið í stofufangelsi síðan í maí 2016.

Þingið samþykkti ályktanir um gagnsæi í opinberum innkaupum til að koma í veg fyrir spillingu og stöðu dreifbýlla svæða í Evrópu. Þessar tvær ályktanir eru áhugaverðar fyrir íslensk sveitarfélög og munu verða kynntar sérstaklega fyrir þeim.

Íslenskur ungmennafulltrúi á þinginu var Tinna Isebarn, en hún flutti opunarávarp og svaraði spurningum undir dagskárlið þar sem fjallað var um grasrótarkerfni ungmennafulltrúa þingsins. Eitt þeirra er Leiðtogaskóli Íslands sem Landssamband ungmennafélaga (LUF) heldur úti. Skólinn er sameiginlegur vettvangur aðildarfélaga til að þjálfa persónulega hæfni, efla tengslanet, deila reynslu, auka getu og valdefla ungt fólk á Íslandi. Grunnþættir fræðslunnar eru lýðræði og mannréttindi í verki – þar sem [áætlun](#) Evrópuráðsins um lýðræðislega borgaravitund og mannréttindafræðsla þess ([Kompás](#)) eru lagðar til grundvallar. Evrópuráðið styrkir Leiðtogaskólann og hefur veitt honum viðurkenningu sem fyrirmyndarverkefni (e. best practice).



- [Nánari upplýsingar um fundinn á heimasíðu þingsins.](#)

AGB/GDG